

STJÓRNARTÍÐINDI B 130 – 2001

18. desember 2001

2865

Nr. 976

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Reykjavík.

1. gr.

Af hundum í Reykjavík skal Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standi undir kostnaði við framkvæmd heilbrigðissamþykktar um hundahald, sbr. 10. gr. samþykktar nr. 388/1999 um hundahald í Reykjavík.

2. gr.

Við leyfisveitingu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:

Fyrsta leyfisveiting	kr. 15.400
Leyfisveiting eftir útrunnin frest	kr. 23.200

3. gr.

Af leyfðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald kr. 12.300

4. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds ber að innheimta kr. 20.200

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds.

5. gr.

Gjalddagi samkvæmt 3. gr. er 1. mars og eindagi 1. maí ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Við afskráningu hunds er heimilt endurgreiða árlega gjaldið í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru af árinu.

6. gr.

Hafi leyfishafi lokið grunnnámskeiði í hundauppeldi viðurkenndu af Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur er heimilt að lækka gjöld skv. 3. gr. gjaldskrár þessarar um allt að helming enda séu þau þegar greidd. Heilbrigðisnefnd er heimilt að fella niður gjöld skv. 2. og 3. gr. gjaldskrár þessarar af leiðsöguhundum blindra, lögreglu-, leitar- eða björgunarahundum. Ber að sækja um slíka lækkun eða niðurfellingu gjalda sérstaklega fyrir 1. júlí ár hvert.

7. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, með heimild í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, staðfestist hér með og öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 959/2000 fyrir hundahald í Reykjavík.

Reykjavík, 18. desember 2001.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir mengunar- og heilbrigðiseftirlit í Reykjavík.

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti heilbrigðisnefndar Reykjavíkur, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðum settum með stoð í þeim, skal borgarstjórn Reykjavíkur innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi, skal borgarstjórn innheimta gjald sem hér segir:

	kr.		kr.
1. flokkur	13.475	6. flokkur	43.120
2. flokkur	16.170	7. flokkur	53.900
3. flokkur	24.255	8. flokkur	70.070
4. flokkur	26.950	Eftirfylgniferð	13.475
5. flokkur	32.340	Sýnataka	10.780

Tímagjald þjónustuverkefna kr. 5.390

Flokkun eftirlitsskyldrar starfsemi kemur fram á fylgiskjali I með gjaldskrá þessari.

Sé starfsemi rekin skemur en 6 mánuði á ári eða að öðru leyti takmörkuð með svipuðum hætti er heilbrigðisnefnd heimilt að fella niður allt að helming gjaldsins.

Ef starfsemi hefur haft samning við faggilta skoðunarstofu síðastliðin þrjú ár, hefur haft vottað gæðakerfi síðastliðin þrjú ár eða hefur rekið innra eftirlit með starfsemi sinni síðastliðin þrjú ár, sem heilbrigðisnefnd telur ganga lengra en reglur kveða á um, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt þessari grein.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur.

Ef fyrirtæki sætir mengunarvarnaeftirliti og uppfyllir skilyrði 6. eða 7. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit er heimilt að draga úr reglubundnu mengunarvarnaeftirliti með því fyrirtæki skv. ákvæðum reglugerðarinnar.